

EFTIRLITSSKÝRSLA

Víkurlax Ystuvík, Grýtubakkahreppi



| | | | |
|---------------------|----------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 3.6.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Víkurlax | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Byggðavegi 111 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 510394-2759 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Magnús Blöndal | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varðar að mælingar vantar á losun fosfórs í frárennsli, myndir af útrás hafa ekki verið teknar, mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni í frárennslisvatni hafa ekki verið gerðar, ársyfirlitum fyrir árin 2022 og 2023 hefur ekki verið skilað og vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni stöðvarinnar hefur ekki farið fram. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um litla landeldisstöð fyrir eldi allt að 20 tonnum af laxfiskum er að ræða. Stöðin er með eldisaðstöðu utandyra, bæði í kerjum og tjörnum og rennur frárennslið út í fjöruna neðan stöðvarinnar og þaðan út í sjó.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit árið 2021, en tvær ábendingar voru settar fram er varða að áætlun um meðhöndlun úrgangs og endurnýtingu fastefnis vantar sem og samning um móttöku dauðfisks til meðhöndlunar. Brugðist hefur verið við ábendingunum og voru gögnin aðgengileg í eftirlitinu. Starfsleyfið gildir til 25. febrúar 2037.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það útfyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Árleg framleiðsla í stöðinni hefur verið um 15 tonn. Voru um 13 tonn af regnbogasilungi og bleikju í stöðinni er eftirlitið fór fram. Rekstraraðili hefur smám saman dregið úr framleiðslunni og stefnir að því að loka stöðinni innan fárra ára. Ný seiði hafa ekki verið tekin inn í stöðina síðastliðin tvö ár. Rekstraraðili er minntur á að fylgja þarf áætlun um rekstrarstöðvun um lokun stöðvarinnar og upplýsa skal eftirlitsaðila um stöðvunina um leið og ákvörðun liggur fyrir um lokun, eða með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.

Allt eldisvatn er sjálfrennandi. fimm ker eru í stöðinni, tvö þeirra minni og þrjú stærri. Fjórar eldistjarnir eru í stöðinni sem einnig gegna hlutverki settjarna. Stærsta tjörnin var án fisks þegar eftirlitið fór fram en fiskur verður færður í hana nú í sumar. Ristar eru úr öllum kerjum, á milli allra tjarna og við enda frárennslisins. Engar breytingar hafa verið gerðar á eldiseiningum í stöðinni frá síðasta eftirliti né fóðrun fiskanna en handfóðrað er í stöðinni.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar þann 24. nóv. 2021. Skv. gr. 4.3 skal mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lámarki. Mælingar vantar fyrir árin 2022 og 2023 og eru sett frávik þar um. Minnt er á mælingar fyrir árið 2024. Einnig skal skv. gr. 3.5 í starfsleyfi taka myndir við útrásina á tveggja mánaða fresti. Myndir hafa ekki verið teknar og er því um frávik að ræða.

Skv. gr. 4.4 og 4.5 skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og upplýsingar um losun mengandi efna, árlega og skila til

eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn fyrrgreindum gögnum fyrir árin 2022 og 2023 og er því frávik þar um. Skráningar voru aðgengilegar í eftirliti og hefur rekstraraðili skilað inn viðbragðsáætlun og neyðaráætlun. Umhverfismarkmið rekstraraðila voru aðgengileg í eftirlitinu og er óskað eftir því að þau verði send til eftirlitsaðila. Ekki er gerð krafa um vöktunaráætlun fyrir stöðina. Eintak af starfsleyfi var aðgengilegt á staðnum.

Skv. gr. 2.7 í starfsleyfi skal rekstraraðili hafa tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Afrit af tryggingaskírteini var til staðar í eftirlitinu.

Engin spilliefni eru notuð á staðnum og engin olía er geymd á svæðinu.

Öllum almennum úrgangi er safnað í gám sem tæmdur er af Terra. Lífrænn úrgangur er einnig sóttur af Terra og fer til moltugerðar í Moltu ehf.

Gengið var um stöðina. Ker og tjarnir skoðaðar sem og frárennsli í viðtaka. Enga uppsöfnun fóðurleyfa, slý eða annað sem bendir til uppsöfnunar mengunarefna var að sjá við útrásina. Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni góð, engar ábendingar eru settar fram þar um.

| Frávik frá | Lýsing á frávik |
|-----------------------|---|
| Gr. 3.4 í starfsleyfi | Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Engar mælingar hafa verið gerðar á losun fosfórs síðan árið 2021 og engir útreikningar út frá fóðurnotkun gerðir. |
| Gr. 3.5 í starfsleyfi | Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Myndir hafa ekki verið teknar af útrásinni. |
| Gr. 4.3 í starfsleyfi | Skv. gr. 4.3 skal mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Mælingar vantar fyrir árið 2022. |
| Gr. 4.3 í starfsleyfi | Skv. gr. 4.3 skal mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Mælingar vantar fyrir árið 2023. |
| Gr. 4.4 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2022 vantar. |
| Gr. 4.4 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2023 vantar. |
| Gr. 5.1 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins. Vöktunarmælingar hafa ekki farið fram. |

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráð hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn, kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda, kynning á heimild Umhverfisstofnunar til að leggja á stjórnvaldsektir og leiðbeiningaskjal um fráveitu og fastefnismeðhöndlun. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var meðfylgjandi kynning á breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

